



## Aðalstjórn UMF Stjörnunnar

Stjórnarfundur haldinn í Stjörnuheimilinu, miðvikudaginn 30.05.2017, kl. 17:30

Mættir: Sigurður Bjarnason, Þorsteinn Þorbergsson, Kristján B. Thorlacius, Ásta Kristjánsdóttir, Þorsteinn Júlíus Árnason, Sigríður Dís Guðjónsdóttir, Þórdís Björk Sigurbjörnsdóttir. Einnig sat fundinn Ása Inga Þorsteinsdóttir framkvæmdastjóri sem ritaði fundagerðina.

### Fundagerð:

Formaður, Sigurður Bjarnason, setti fundinn og stýrði

1. Samþykkt á fundagerð síðasta stjórnarfundar

**Niðurstaða:** fundagerð samþykkt

2. Hlutverk stjórnar og umræða um aðalfund félagsins

Farið var yfir aðalfund félagsins sem fór fram 9.maí síðastliðinn. Stjórnarmenn voru sammála um að fundurinn fór vel fram. Því næst var farið í hlutverk stjórnarmanna.

**Niðurstaða:** Þórdís Björk bauð sig fram til áframhaldandi setu sem varaformaður og var það samþykkt einróma. Þorsteinn Þorbergsson bauð sig aftur fram í stöðu gjaldkera og var það samþykkt einróma. Kristján B. Thorlacius bauð sig fram til áframhaldandi setu sem ritari stjórnar og var það einnig samþykkt einróma.

3. Samningur við auglýsingaskilti ehf

Kristján fór yfir samning sem skrifað var undir milli UMF Stjörnunnar og Auglýsingaskilta ehf um uppsetningu á LED skjáum á núverandi skilti handknattleiksdeildar við Vatnsmýri.

**Niðurstaða:** Til upplýsinga

4. Málefni blakdeildar

Iðkandi í mfl kvenna í blaki hefur sent inn erindi til aðalstjórnar þar sem hún óskar eftir að aðalstjórn komi að við að leysa ágreining sem upp hefur komið milli hennar og þjálfara liðsins. Stjórn deildarinnar tók málið til skoðunar og var iðkandinn ekki sáttur við málsmeðferð og niðurstöðu stjórnarinnar og óskaði því eftir að aðalstjórn myndi taka málið til skoðunar.

**Niðurstaða:** Varaformaður og framkvæmdastjóri taka málið að sér og hitta málsaðila.

Staða blakdeildarinnar

Framkvæmdastjóri og fjármálastjóri hafa óskað eftir fundi með formanni og gjaldkera deildarinnar til að fara yfir uppbyggingu starfs deildarinnar, fjármál og áætlun fyrir komandi keppnistímabil en án árangurs.

**Niðurstaða:** Framkvæmdastjóri, formaður og gjaldkeri munu funda með stjórn deildarinnar um stöðu deildarinnar. Annars vegnar vegna smæðar undanfarin ár b&u starfsins og fjárhagsstöðu deildarinnar.

5. Málefni mfl kvk í knattspyrnu



Framkvæmdastjóri og gjaldkeri fóru yfir 4 mánaðar uppgjöf mfl kvk í knattspyrnu og einnig yfir hvað hefur gerst í varðandi fjármál flokksins síðan á síðasta fundi. Ljóst er að rekstur flokksins er mjög erfiður og stefnir í áframhaldandi taprekstur þetta árið.

6. Málefni mfl í körfuknattleik

Framkvæmdastjóri og gjaldkeri fóru fyrir 4 mánaðar uppgjör flokkanna og hvaða aðgerðir hafa verið gerðar varðandi viðsúning í rekstri flokkanna. Engin aðgerðar- né fjárhagsáætlun hefur ennþá borist frá stjórn körfuknattleiksdeildar varðandi mfl kvk.

7. Málefni mfl í handknattleik

Framkvæmdastjóri fór yfir 4 mánaðar uppgjör flokksins til upplýsinga en nú er að hefjast áætlunargerð og samningaviðræður fyrir næsta keppnistímabil og mun framkvæmdastjóri fylgjast vel með framgangi þeirra mála.

8. Greiðslumöguleikar sumarskóla Stjórnunnar

Sumarskóli Stjórnunnar er nú settur upp með eilítið frábrugðu sniði þetta árið en verið er að auka samstarf milli deildanna og reyna að tryggja minni árekstra milli æfinga og sumarstarfs. Hvert námskeið er ½ dagur og greitt fyrir hvern hluta sér. Hvert námskeið er að kosta frá 6.500kr til 8.500kr. Seðilgjald er 390kr í gegnum Nóra sem er 6% - 4,5% af hverju gjaldi.

**Niðurstaða:** boðið verður upp á að greiða með kreditkortum þar sem Nóri býður ekki upp á körfugreiðslur en framkvæmdastjóri um funda með greiðslumiðlun um möguleikanna á slíkri uppsetningu fyrir minni námskeið deildanna.

9. Beiðni um styrktarsjóð

Beiðni hefur komið frá Lúðvíki Jónassyni fyrir hönd nokkurra fulltrúa um stofnun afrekssjóðs Stjórnunnar fyrir iðkendur í körfubolta og handbolta vegna landsliðsverkefna en þessir iðkendur þurfa að leggja mikið fjármagn í þátttöku sína við landsliðsverkefni.

**Niðurstaða:** Aðalstjórn óskar eftir tillögu um stofnskrá, úthlutunarreglur til að skoða málið frekar. Hvernig fjármunum á að vera aflað og gæta verður að þetta sé ekki í samkeppni við núverandi starf félagsins. Eins telur aðalstjórn ekki ásættanlegt að hann sé aðeins fyrir tvær greinar heldur hvetur stofnendur til að skoða möguleikann á að hann sé fyrir alla iðkendur á ákveðnu aldursbili sem taka þátt í landsliðsverkefnum sem ekki eru greidd af sérsambandinu.

10. Önnur mál

Ágreiningur innan b&u starfs körfuknattleiksdeildar Stjórnunnar Stjórn var upplýst um ágreining Barna- og unglingaráðs körfuknattleiksdeildar við þjálfara í deildinni og ástæður þess að tekin var ákvörðun um að endursemjja ekki við hann áfram í framhaldinu.

fundur var slitið kl. 20:40, Ritað ÁÍÞ